

Mineral Lime Wash

Kalkvask

Efnislýsing

Corical kalkvask er náttúrulegt, almatt kalkmálningarefni sem kemur forblandað, tilbúið til málunar innanhúss. Dýptin í litunum er einstök og sérlega falleg. Áferðin og mild litbrigðin eru breytileg og stjórnað af áferð við málun, birtuskilyrðum og lýsingu. Litirnir eru fjölmargir, allir náttúrulegir jarðlitir. Kalkvask er málað á veggi með stórum pensli til að fá þessa fallegu, lifandi áferð.

Kalkvask er hreint náttúrulegt og umhverfisvæn afurð sem stuðlar að heilnæmu andrúmslofti þar sem hún inniheldur hvorki plast- né rotvarnarefni, enda byggja þau á ævagömlum vinnsluaðferðum sem komu fram löngu fyrir tíma plast- og iðnaðarefna. Kalk er mjög basískt efni og því þrífst ekki í því mygla. Athugið að plasmálning er oft ranglega kölluð kalkmálning ef hún er að einhverju leyti blönduð kalki. Þannig málning skilar hvorki þessari einstöku dýpt né hefur framangreinda umhverfisvæna eiginleika.

Meðhöndlun

1. Áður en málað er með kalkmálningu eða kalkvask skal grunna með sérstökum kalkgrunni. Þetta er gert til að kalkmálningin/kalkvaskið loði betur við og auðveldara sé að bera hana á flötinn. Einnig kemur grunnurinn í veg fyrir að viðgerðir fái annan litatón vegna mismunandi ísogseiginleika á máluðum fleti og þar sem gert hefur verið við vegginn. Óþarft er að grunna ef mála á ómeðhöndlaðan stein eða áður kalkmálaðan flöt.
2. Breiðið vel undir flötinn því hætt er við að grunnur og kalkið slettist. Hrærið í dósinni.
3. Forðist að skera sérstaklega að ómáluðum fleti. Notið málningarlímband og málið beint út frá því.
4. Kalkvask er borið á með stórum pensli eða þar til gerðum kalkpensli. Málið upp og niður eða takið flötinn langsum í stuttum eða löngum stökum (t.d. 60-100 cm). Einnig má krossa flötinn á handahófskenndan hátt; allt eftir því hvaða áferð sóst er eftir. Þrýstingur á pensilinn skiptir máli því ólík áferð fæst með léttum stökum en með þéttum. Þynna má kalkvaskið til að léttara sé að bera það á (allt að 50%). Dökkt kalkvask er oft svolítið þykkara en ljóst vegna hærri hlutfalls litarefna. Ef sóst er eftir mikilli hreyfingu á fletinum er ráðlegt að mála fyrri umferðina fremur ójafnt, jafnvel svo skíni hér og þar í gegn. Málið síðan allan flötinn í einu og ekki stöðva fyrr en hann hefur allur verið málaður. Málið a.m.k. 2 umferðir. Ekki mála yfir kítti, það blæðir í gegn.
5. Ef þurfa þykir má nota Decorators Varnish Dead Flat lakk sem vörn yfir kalkyfirborðið. Litir og dýpt breytast eitthvað örlítið, mismikið eftir litum.
6. Lítið mál er að breyta yfir í plasmálningu seinna meir. Ef kalkvaskið er grófmálað eða laust í sér skal pússa þá fleti með sandpappír nr. 220 og grunna síðan yfir með Professional Microdispers bindigrunni frá Nordsjö – það er mjög fljótlegt. Þá er flöturinn tilbúinn undir aðra innmálningu.

LISTRÆN ÚTKOMA: Það er engin rétt eða röng áferð á kalkvegg. Útkoman getur orðið mismunandi eftir litum þegar unnið er með náttúrulefni, t.d. sjást pensilförin meira í dýpri litum. Málun þarf síðan ekkert endilega að vera lokið að fullu eftir tvær umferðir. Algengt er að menn taki stökur hér og þar til að ná rétta útlitinu, jafnvel nokkrum sinnum á mismunandi tímum. Málið er bara að vera afslappaður og skapandi þar til maður er ánægður. Á netinu má finna gnótt af myndum og myndböndum sem sýna verklagið. Sláðu t.d. inn leitarorðin „How to apply lime paint“ eða „How to decorate with lime paint“. [HÉR](#) er t.d. eitt gott frá framleiðanda.

Arte
Constructo



Tæknilegar upplýsingar

Tegund: Kalkvask

Til notkunar: Innanhúss

Gljástig: Almatt steinefnaútlit

Þéttleiki: Um 1,67 kg/l

pH: 13

Yfirmálun: Um 8 klst

Þekja: Um 8 m²/l

Þynning: Fyrri umferð um 20% með vatni, seinni umferð um 0-10%

Verkfæri: Pensill, tuska og svampur

Hreinsun: Vatn strax eftir notkun

Litir: 150+

Umbúðir: 1 og 5L

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni: EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/a) 75 g/l (2010). Inniheldur mest 2 g/l.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.